

# 8. stjórnarfundur Arnardrangs hses.

12.07.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 09:45

**Mætt:** Fjóla St. Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir og Íris Ellertsdóttir

Íris Ellertsdóttir ritaði fundargerð.

## 1. Verkáætlun Nauthagi 2

Verklök samkvæmt verksamningi voru áætluð 19. janúar 2024. Verksali hefur síðan þá samþykkt fimm vikna seinkun og réðu þá sjónarmið um veðurfar þeirri seinkun. Verksali hefur nú lagt fram nýja tímaáætlun um verklök 6. júní. Verkkaupi hefur ekki samþykkt þá tímaáætlun og hvatti verkkaupa til að endurskoða hana. Verkkaupi sendi inn greiðsluáætlun sem miðar við verklök í maí 2024 en að byggingin verði tilbúin í mars 2024. Verklök samkvæmt verksamningi er 19. janúar 2024 og er þá um 2,5 mánaða seinkun á verkefninu sé miðað við greiðsluáætlun.

## 2. Beiðni um skammtímafjármögnun vegna verkefnis að Nauthaga 2 á Selfossi.

Vinna við uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í eigu Arnardrangs hses. við Nauthaga 2 er hafin. Vegna tafa á skammtímafjármögnun verkefnis er lagt til að stjórn Arnardrangs hses. óski eftir láni frá Bergísanum bs. vegna framvindu 11 að upphæð kr. 17.358.802.

Að auki er lagt til að óskað verði eftir láni vegna útgefna reikninga frá VSB sem hefur umsjón með verkefninu og formanni falið að samþykkja reikningana þegar þeir liggja fyrir.

Fundi slitið klukkan 10:04